

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Fossnes og Mýrarland.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 28. apríl 2025 deiliskipulag sem tekur til lóða á svæði Fossness og Mýrarlands á Selfossi. Deiliskipulagið afmarkast af 66 ha svæði norðan Ölfusár, báðum megin við Suðurlandsveg. Innan deiliskipulagsins er sett fram heildstæð stefna fyrir atvinnulóðir og verslunarlóðir og eru lóðir og umhverfi aðlagð að nýjum Suðurlandsvegi. Meðfram núverandi Suðurlandsvegi er nýtingarhlutfall hærra en á öðrum lóðum innan deiliskipulagsreits og er áhersla lögð á snyrtilegar lóðir með þjónustu fyrir íbúa Sveitarfélagsins Árborgar sem og annarra.

Í gildi eru deiliskipulagsáætlanir fyrir hluta svæðisins, þ.e. deiliskipulag fyrir Fossnes frá 2009 og deiliskipulag fyrir Hellismýri frá 2001, og falla þær úr gildi við gildistöku nýs deiliskipulags.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Selfossi, 22. maí 2025.

Rúnar Guðmundsson skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 23. maí 2025